FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Akranesi, 23. október 2017

Efni: Athugasemdir skólameistara vegna úttektar á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands

Margt jákvætt og uppbyggilegt kemur fram í úttektinni og flest þau tækifæri sem nefnd eru til umbóta eru álitleg.
Skólameistari telur þó að ýmislegt í úttektinni sé ekki nákvæmt og nokkur atriði orki tvímælis og vill því koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Heildarniðurstöður (bls. 3):

„Ágreiningur er innan FVA um faglega forystu skólameistara."

Þegar stjórnendur þurfa að einbeita sér að því að koma miklum hallarekstri í lag og ýmiss konar óstjórn hefur lengi verið látin viðgangast er viðbúið að fagleg stjórnun verði umdeild.
Skólameistari var ráðinn frá 1. janúar 2015 og ljóst var að í fyrstu starfsviku hennar í skólanum var hópur manna afar óánægður með ráðninguna. Þessi óánægja breyttist mjög fljótt í harða andstöðu gegn nýráðnum skólameistara og voru notaðar ýmsar aðferðir til að koma höggi á hana. Nýráðinn skólameistari gerði sér fljótlega grein fyrir því að ýmis atriði þyrfti að laga í rekstri skólans. Á mörg þessara atriða hafði verið bent í úttekt 2012. Þetta voru afar mikilvæg mál. Andstaða gegn skólameistara var mögnuð upp í hvert sinn sem tekið var á mikilvægum málum í rekstri og stjórnun skólans.

„Skólanefnd fundar sjaldan ... Augljós núningur er á milli formanns nefndarinnar og skólameistara."

Skólanefnd hefur fundað að meðaltali tvisvar sinnum á önn síðustu annir. Var það fyrirkomulag bundið í starfslýsingu skólanefndar sem birt er á heimasíðu skólans. Þess er ekki getið í úttektarskýrslunni að mikill núningur var einnig á milli formanns skólanefndar og annarra nefndarmanna, þrátt fyrir að úttektaraðilum hafi verið bent á þá staðreynd.

Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar) (bls. 28-32):

„... er rétt að rifja upp að erfitt andrúmsloft hefur verið í skólanum síðustu ár sem rekja má til þess að Atli Harðarson skólameistari fékk lausn frá starfi 15. september 2014. Staða hans var auglýst laus til umsóknar og í hans stað var ráðin Ágústa Elín Ingþórsdóttir frá 1. janúar 2015. Í kjölfarið tók að bera á samskiptaerfiðleikum innan skóla ..."

Fjölbrautaskóli Vesturlands | Vogabraut 5, 300 Akranes | Kennitala: 681178-0239
Sími: 433 2500 Fax: 431 2046 | Heimasíða: http://www.fva.is | Tölvupóstur: skrifstofa@fva.is

Margt bendir til þess, skv. starfsfólki skólans og utanaðkomandi aðilum, að ýmislegt hafi verið einkennilegt í andrúmslofti skólans fyrir komu núverandi skólameistara. Ef fjalla á um samskiptaörðugleika innan skólans frá 1. janúar 2015 hefðu úttektaraðilar einnig átt að fjalla um óháðar og nákvæmar upplýsingar um stöðu mála í skólanum og það ástand sem nokkrir starfsmenn mögnuðu upp þegar núverandi skólameistari kom til starfa. Bera tók á samskiptaerfiðleikum innan skóla vegna andstöðu starfsfólks við breytingar á rekstri og skipulagi skólans.

„Umrótið í FVA haustið 2015 átt sér fá fordæmi og ráðuneytið brást við með tvennum hætti. Annars vegar með því að setja á laggirnar tímabundið starf stjórnunarráðgjafa við FVA sem skyldi vera skólameistara til ráðgjafar við úrlausn á samskiptavandanum innan skólans ... Hin aðgerð ráðuneytisins var að leita til utanaðkomandi aðila um að gera „vinnusálfræðilega úttekt á ágreiningsmálum."

Hér hefði verið eðlilegt og rétt að geta þess að skólameistari lagði þetta til við mennta- og menningarmálaráðuneytið eins og úttektaraðilum var bent á. Ástæðan var einfaldlega sú að skólameistara var orðið fullljóst að ákveðnir aðilar í hópi starfsmanna höfðu náð því að magna svo andóf í skólanum að ekki var lengur við unað. Mat skólameistara var að óháður og reyndur aðili gæti líklega áttað sig á því hvernig þessir tilteknu starfsmenn skipulögðu ákveðnar aðgerðir. Fljótlega kom í ljós að mögnuð andstaða hafði verið skipulögð af hálfu nokkurra starfsmanna strax eftir ráðningu skólameistara.

„Þrátt fyrir margvíslega ráðgjöf um aðgerðir og umbótaáætlun í mars 2016 tókst ekki að lægja öldur og eftirfylgniúttekt fór fram á vegum ráðuneytisins í nóvember."

Hér er hallað réttu máli því að ráðuneytið var búið að ákveða fyrirfram að gera eftirfylgniúttekt þegar átak til úrbóta var kynnt eins og úttektaraðilum var bent á. Stjórnunarráðgjafi lagði til í greinargerð sinni þann 29. janúar 2016 að átakinu yrði ætlaður hæfilegur tími og fengnir yrðu óháðir aðilar til að meta stöðu mála í skólanum í lok hins afmarkaða tíma sem ráðuneytið ákvæði.

„Í árlegri könnun SFR stéttarfélags í almannaþjónustu um Stofnun ársins varð FVA í næstsíðasta sæti árið 2017 af 85 stofnunum með fleiri en fimmtíu starfsmenn ... Í öllum tilvikum voru svör starfsmanna FVA undir meðaltali stofnana í þessum stærðarflokki, oftast langt undir."

Vert er að benda á í þessu samhengi að meðaltöl sýna aðeins takmarkaða mynd af dreifingu svara innan hvers þáttar. Lítill eða meiri munur getur verið á viðhorfi svarenda. Mikill munur reyndist vera á svörun starfsmanna FVA, þ.e. staðalfrávik var hátt (svör röðuðust við jaðrana - ýmist mjög hátt eða mjög lágt). Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltals viðhorfið en þegar staðalfrávikið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar) (bls. 33-35):

„Að sögn deildarstjóra hefur ný námskrá ekki gengið vel, nemendur eru að þeirra mati ekki nógu vel undirbúnir af hálfu grunnskóla til að takast á við þriggja ára stúdentsnám."

Innleiðing þriggja ára stúdentsprófs hefur gengið vel, en óánægja var meðal kennara í nokkrum deildum með undirbúning nemenda úr grunnskóla og að hallað hafi á þeirra greinar í styttingunni, sbr. athugasemdir stjórnenda við úttektarskýrslu.

„Deildarstjórar ... eru samdóma um að taka þurfi málefni endurmenntunar kennara til gagngerrar endurskoðunar með það að markmiði að auðvelda þeim að sækja hana á dagvinnutíma."

Hér ber að minna á niðurstöður úttektar 2012: „Forföll frá kennslu eru of mikil og þau koma niður á rétti nemenda til náms. Á vandanum þarf að taka af meiri festu framvegis." Stjórnendur hafa lagt mikla áherslu á aukna endurmenntun kennara án þess þó að hún komi niður á kennslu nemenda og rétti þeirra til náms.

Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnæði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar) (bls. 39-40):

„... skólinn á ekki eigið íþróttahús og það takmarkar möguleika hans til að halda úti hefðbundnum skólaíþróttum en að öðru leyti er líkamsrækt vel sinnt."

Skólinn leigir íþróttahús af Akraneskaupstað, þannig að möguleikar til að halda úti „hefðbundnum skólaíþróttum" eru góðir og öll íþróttaaðstaða til fyrirmyndar. Hvað starfsmenn varðar, þá eiga þeir einnig greiðan aðgang að íþróttaaðstöðu Akraneskaupstaðar, sem er ein sú besta á landinu.

„Ástæða er til þess að ræða stefnu skólans í upplýsinga- og tölvumálum með það að markmiði að draga úr þeim sameiginlega tækjabúnaði sem ætlaður er nemendum."

FVA hefur á síðustu tveimur árum endurnýjað stærstan hluta af tölvubúnaði sínum bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Mikil ánægja er með þetta framtak. Úttektaraðilar virðast ekki vera sammála þessari stefnu skólans, sem vekur mikla eftirtekt. Í flestum skólum er unnið að því að efla ýmiss konar búnað fyrir nemendur til styrkingar kennslu í upplýsinga- og tölvumálum.

Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar) (bls. 41-42):

„Átök síðustu ára hafa sett sinn svip á skólastarfið og ímynd skólans hefur skaðast til skemmri tíma litið."

Þessi fullyrðing er huglægt mat úttektaraðila, fellur illa að efni úttektarskýrslu og er beinlínis röng. Tiltekt í rekstri stofnunar og lagfæring á ýmsum stjórnunarþáttum leiðir ávallt til umræðu og jafnvel ágreinings. Óánægja nokkurra starfsmanna sem hafa árum saman fengið að haga málum eftir sínu höfði má ekki villa mönnum sýn. Einnig má spyrja hvernig ímynd skóla er mæld. Getur ímynd skóla hafa skaðast þegar aðsókn nemenda er góð og nemendur eru almennt ánægðir með skólastarfið? Margir hagsmunaaðilar skólans, ráðamenn, foreldrar og íbúar Akraneskaupstaðar áttuðu sig á því að taka þurfti til hendinni í skólanum. Aðsókn í skólann hefur verið mjög góð, þannig að samfélagið ber mikið traust til skólans.

Í skýrslunni eru nefnd ýmis tækifæri til úrbóta. Nú þegar eru mörg þeirra komin til framkvæmda. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að á afar stuttum tíma, rúmlega tveimur árum, hefur tekist að laga rekstur skólans svo að um munar. Einnig hafa mörg fagleg mál verið efld verulega. Hér skulu aðeins talin upp helstu atriði:

- Mjög slæmri fjárhagsstöðu skólans hefur verið komið í gott lag og er hún nú til fyrirmyndar.
- Tíðrætt og áberandi veikindaferli nokkurra starfsmanna hefur verið fært til betri vegar með aðkomu trúnaðarlæknis.
- Ræstingarmálum var komið í nútímalegt horf.
- Stórlega hefur dregið úr óhóflegri yfirvinnu.
- Teymisstjórnun lykilstarfsmanna var komið á með skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra.

- Valddreifing var aukin í hópi starfsmanna.
- Fyrirkomulag á útleigu húsnæðis hefur verið lagfært.
- Átak var hafið í uppbyggingu málmiðnaðardeildar og búið er að fjárfesta í tækjabúnaði fyrir umtalsverðar fjárhæðir.
- Ýmis eignakaup höfðu legið niðri vegna slæmrar fjárhagsstöðu og var hafið átak í kaupum á nauðsynlegum kennslu- og tækjabúnaði. Þá er endurnýjun á tölvubúnaði skólans að stórum hluta lokið.
- Hugað hefur verið að félagslegum þætti starfsmanna til dæmis með ýmsum sameiginlegum viðburðum.

Þá er þess og að geta að vegna ofangreindra aðgerða hafa nokkur fagleg mál orðið að bíða. Forsenda þess að ýmsum umbótum verði komið í framkvæmd er að fjármál séu í góðu lagi. Nú er þegar hafist handa við að lagfæra og efla ýmis fagleg mál skólastarfsins. Starfslýsingar, frammistöðumat, starfsmannaviðtöl, starfsþróunaráætlanir, kennslumat, námsmat, miðannarmat og upplýsingaflæði eru nú í föstu skipulagi. Skólinn á nú í faglegu samráði við aðra iðn- og verknámsskóla landsins. Hann er aðili að Fjarmenntaskólunum þar sem 13 skólar skipuleggja mikið faglegt samráð. Stjórnendur framhaldsskólanna á Vesturlandi hittast reglulega og skipuleggja fræðslu og samráð meðal kennara skólanna.
Þá er unnið að fleiri málum, s.s. skipuriti, ýmsum þáttum í stefnumálum, eflingu góðs starfsanda, fjölgun skólanefndar- og skólaráðsfunda o.fl.

Með kveðju,

Ágústa E. Ingþórsd.

Ágústa Elín Ingþórsdóttir,
skólameistari FVA